

Föstudaginn 29. mars 1996.

Nr. 122/1996.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Sigurjóni Péturssyni**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, b- og c-liður 1. mgr. 103 gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. mars 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1996.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Hinn 11. desember 1995 höfðaði ríkissaksóknari opinbert refsímál á hendur Sigurjóni Péturssyni, Suðurhólum 22, Reykjavík, fæddum 11. apríl 1964 (428). Síðan voru gefnar út fjórar ákæru á hendur honum og öll málin sameinuð. Ákæruliðir voru 23, og 22. þ. m. var ákærði fundinn sekur um 22 ákæruliði. Hlaut hann tveggja ára fangelsi og upptöku á 0,3 g af amfetamíni, fyrir innbrot og þjófnað sex sinnum, hótelsvik fjórum sinnum, hylmingu, nytjastuld á bifreið þrisvar, merkjafals tvisvar og akstur án ökuréttar sex sinnum, án skráningarmerkja tvisvar og með röngum skráningarmerkjum einu sinni. Gæsluvarðhald, sem ákærði setti frá 11. – 15. júlí 1995 og frá 30. janúar til 22. mars 1996, var látið koma til frádráttar fangelsisrefsingu.

Dómfelldi dvaldist erlendis um sex mánaða skeið og kom til landsins 22. janúar sl. Hann bar við yfirheyrslu vegna gæsluvarðhaldsúrskurðar 30. janúar sl., að hann væri á leiðinni af landi brott að nýju innan fárra daga. Þá hefur ríkissaksóknari fregnað, að ákærði hygðist flytja lögheimili sitt til Danmerkur.

Hinn 21. febrúar sl. var Sigurjóni með úrskurði, upp kveðnum þann dag, gert með skírskotun til b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengi í máli hans, þó eigi lengur en til föstudagsins 29. mars 1996 kl. 16.00.

Áður en ofangreindur dómur féll, hafði dómfelldi margsinnis sætt refsiviðurlögum allt frá árinu 1981 fyrir hegningarlagabrot, áfengislagabrot, tolllagabrot, umferðarlagabrot og fíkniefnabrot. Síðan hann náði 18 ára aldri 1982, hafði hann tuttugu og tvisvar sætt refsingu fyrir dómi, þar af ellefu sinnum fyrir fíkniefnabrot, þrisvar fyrir umferðarlagabrot og tíu sinnum fyrir hegningarlagabrot, þar af fimm sinnum hegningarauka. Hann hafði fimm sinnum verið dæmdur í fangelsi fyrir skjalafals, þar af þrisvar hegningarauka, einu sinni fyrir nytjastuld og níu sinnum fyrir auðgunarbrot, þar af fimm sinnum hegningarauka. Hann hafði samtals hlotið óskilorðsbundna fangelsisrefsingu 61½ mánuð. Hann var dæmdur í fangelsi fyrir hegningarlagabrot, þjófnað og nytjastuld auk umferðarlagabrots 30. nóvember 1989, en síðan hafði hann tvisvar hlotið refsingu fyrir fíkniefnabrot og loks 1. júní 1993 sekt fyrir áfengislagabrot.

Hinn 22. þ. m., er dómur var kveðinn upp að viðstöddum dómfellda, verjanda hans og fulltrúa ákæruvalds, lýsti dómfelldi yfir því, að hann hygðist nýta sér fjögurra vikna áfrýjunarfrest. Krafðist ákærandi þess þá, að gæsluvarðhald yrði látið haldast, meðan stæði á fjögurra vikna fresti, skv. 153. gr. laga nr. 19/1991. Ákærði lýsti þá yfir áfrýjun.

Af hálfu ákæruvalds er þess nú krafist, að dómurinn úrskurði, að gæsluvarðhald haldist, þar til dómur gengur í máli ákærða í Hæstarétti, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 3. júlí nk. kl. 16.00. Af hálfu ákærða er þessari kröfu mótmælt. Krafa ákæruvaldsins var tekin til úrlausnar 22. þ. m., eftir að sækjandi og verjandi höfðu tjáð sig um úrskurðarefnið.

Heimild til að láta gæsluvarðhald haldast felst í 2. ml. 106. gr. laga 19/1991 i. f. Ekki er skilyrði til beitingar þeirrar heimildar, að áfrýjunarstefna hafi verið gefin út. Rík ástæða er til að ætla, ef dómfelldi fengi að fara frjáls ferða sinna, að hann myndi halda áfram afbrotum eða freista þess að komast úr landi, meðan máli hans er ólokið í Hæstarétti. Að öllu þessu virtu þykja vera skilyrði til að taka til greina kröfu ríkissaksóknara um gæsluvarðhald yfir dómfellda á grundvelli b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga

nr. 19/1991. Verður því dómfellda gert að sæta gæsluvarðhaldi, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gæsluvarðhald dómfellda, Sigurjóns Péturssonar, haldist, þar til dómur gengur í máli hans í Hæstarétti, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 3. júlí nk. kl. 16.00.
